



Alþingi
Félagsmálanefnd
Hlín Lilja Sigfúsdóttir nefndarritari
Kirkjustræti
150 Reykjavík

MOSFELLSBÆR

Mosfellsbæ, 2. nóvember 2006
nr. erindis 200610137 sój

Efni: Varðandi frumvarp til breyttra laga um lögheimili o.fl.

Á 799. fundi bæjarráðs Mosfellsbæjar þann 2. nóvember 2006 var tekið fyrir erindi Félagsmálanefndar Alþingis varðandi frumvarp að breytingu á lögum um lögheimili o.fl.

Umsögn bæjarráðs er svohljóðandi:

Ljós er af frumvarpsdrögunum og greinargerð með þeim, að einungis er verið að taka á skráningu lögheimilis á svæðum sem skilgreind eru sem fristundabyggð. Sérstaklega er tekið fram að frumvarpsdrögin taki ekki til annara svæð s.s. svæða sem merkt eru á aðalskipulagi sem opin svæði.

Ekki er heldur tekið á svæðum innan þéttbýlis s.s. iðnaðarsvæðum, en hingað til hefur Mosfellsbær haft þá vinnureglu að skráning lögheimilis á svæðum sem ekki eru skilgreind sem íbúðarsvæði, (þ.e. svæði fyrir fristundabyggð, iðnaðarsvæði, opin svæði o.sv.fr.) hefur ekki verið heimiluð.

Áhyggjur Mosfellsbæjar beinast þó einkum að svæðum utan þéttbýlis, þ.e. hinum svokölluðu "opnu svæðum", en all margir tugir sumarhúsa eru í dag innan þessara svæða í Mosfellsbæ. Fyrirliggjandi frumvarpsdrög munu að óbreyttu ekki hindra skráningu lögheimilis á þessum svæðum. Áhyggjurnar beinast að því að lögheimilisskráningar á þessum svæðum kalli á þjónustuskyldur sveitarfélagsins við íbúa s.s. snjómokstur, skólaakstur, sorphirðu o.sv.fr., þjónustu sem mjög kostnaðarsamt yrði að veita.

Að mati Mosfellsbæjar þyrfti því í frumvarpsdrögunum að taka á því sem afgerandi hætti að annað tveggja:

- 1) að á svæðum utan skilgreindra íbúðarsvæða skv. gildandi aðalskipulagi væri skráning lögheimilis óheimil
- 2) að sveitarfélögin gætu í almennum og málefnalegum reglum sem birtar yrðu með opinberum hætti, lagt skorður við "nærþjónustu" á öllum svæðum utan hefðbundina íbúðarsvæða

Skilgreining á "nærþjónustu" er eftirfarandi:

Nærþjónusta er öll sú þjónusta sem sveitarfélag veitir, jafnt frjáls þjónusta sem og lögbundin þjónusta, innan skilgreindra marka innan sveitarfélagsins. Í nærþjónustu felst sú þjónusta sem í dag er veitt innan hefðbundins þéttbýlis s.s. skólaakstur, sorphirða, snjómokstur og hálkueyðing, ferðaþjónusta fatlaðra, heimaþjónustu o.sv.fr.

Á þeim svæðum sem ekki yrðu skiigreind sem nærþjónustusvæði, hefðu íbúarnir að sjálfsögðu aðgang og rétt til þjónustunarinnar, en koma þyrftu þeir sér sjálfir inná nærþjónustusvæðið til að fá þjónustunarinnar notið. Þeir þyrftu sem sagt að koma með sitt heimilissorp á tilgreindan stað, þeir þyrftu sjálfir að koma sér í veg fyrir skólabil o.sv.fr.



M O S F E L L S B Æ R

Almennt verður að telja að væru reglur um nærþjónustu málefnalegar, gegnsæjar og kynntar öllum þeim sem óskuðu eftir lögheimilisskráningu utan nærþjónustusvæða, auk þess að vera almennt auglýstar, væri ekki hægt að segja að komið væri aftan að þeim sem óskuðu lögheimilisskráningar hvað varðar þjónustustig sveitarfélagsins.

Benda má á að það eru ekki bara sveitarfélögin sem gætu lent í erfiðleikum og kostnaði við að þjónustu íbúa utan þéttbýlis, heldur gæti hið sama átt við t.d. þjónustu heilsugæslustöðva (læknabjónustu í heimahús) og etv. fleiri þjónustu þætti.

Ofangreind umsögn er hér með komið á framfæri við nefndina.

Virðingarfyllst
f.h. bæjarráðs Mosfellsbæjar


Ragnheiður Rúnarósdóttir
bæjarstjóri

